

SAMNINGUR UM REKSTUR EIRÍKSSTAÐA

Dalabyggð (kt.510694-2019), hér eftir nefnt eigandi og Iceland up close ehf. (kt.640417-0560), hér eftir nefnt rekstraraðili, gera með sér eftirfarandi samning:

1. gr.

Rekstraraðili tekur að sér stjórn, umsjón og daglegan rekstur á Eiríksstöðum í Haukadal í Dalabyggð. Í því felst allt sem varðar almennan rekstur m.a. eftirfarandi:

- Almenn þjónusta á svæðinu
- Daglegt viðhald húsa og lóðar
- Ákvörðun gjaldskrár og innheimta aðgangseyris
- Markaðssetning og auglýsingar

Rekstraraðila ber að:

- gæta snyrtimennsku og prúðmennsku við öll störf og umgengni í tengslum við Eiríksstaði
- sjá til þess að rekstur í húsum eða í tengslum við eignina sé með öll tilskilin leyfi í samræmi við lög og reglugerðir

2. gr.

Rekstraraðili hefur samskipti við skrifstofu sveitarfélagsins Dalabyggðar varðandi þau málefni sem snúa að verulegu viðhaldi, framkvæmdum og/eða öðru sem snýr að eiganda.

Gert er ráð fyrir að rekstraraðili komi á fund atvinnumálanefndar einu sinni á ári og oftar ef nefndin óskar eftir því. Á árlegum fundi, sem fer fram í lok/byrjun árs, fer rekstraraðili yfir starfsemi sl. starfsárs og áætlanir komandi starfsárs.

3. gr.


Dalabyggð sér um eftirfarandi:

- Fasteignagjöld og lögbundnar tryggingar af húsnæði sem er til staðar við undirskrift.
- Allt meiriháttar viðhald húsnæðis og svæðis í samræmi við fjárhagsáætlun Dalabyggðar á ári hverju og skal gerður samningur um framkvæmd þess.

Rekstraraðili sér um allan annan kostnað sem fellur til vegna reksturs á samningstímanum s.s. er varðar úrgangsmál, rekstur á nettengingu, rafmagn o.s.frv.

4. gr.

Rekstraraðili skuldbindur sig til að hafa opið alla daga á tímabilinu 1. maí til 30. september. Daglegur opnunartími skal miðaður að þörfum gesta/markhóps og vera 6-8 klukkustundir hið minnsta. Nema utanaðkomandi aðstæður hamli því s.s. veður, verkföll o.s.frv. Á tímabilinu 1.



október – 30. apríl skal vera opið eftir föngum og aðsókn. Leitast skal við að hafa salerni opin allt árið.

5. gr.

Óafturkræfar og/eða stórtækjar framkvæmdir, sem ekki teljast til eðlilegs viðhalds þ.e. málning eða minni lagfæringer, þarfust skriflegs samþykkis eiganda. Sé óskað eftir að eigandi kaupi ákveðnar framkvæmdir að samningi loknum þarfust slíkt skriflegs samþykkis eiganda. Liggi ekki fyrir skriflegt samþykki verða framkvæmdirnar að öðru óbreyttu eign Dalabyggðar að loknum leigutíma, nema eigandi óski eftir því að rekstraraðili fjarlægi þær á sinn kostnað og verða umrædd efni og tæki þá eign rekstraraðila. Tölvupóstur telst vera skriflegt samþykki í þessum eftum.

Rekstraraðila ber að taka tillit til minja á svæðinu og gæta þess að framkvæmdir raski þeim ekki.

6. gr.

Búnaður sem fylgir hinu leigða skal skráður í fylgiskjal 1, sem er hluti af samning þessum.

7. gr.

Rekstraraðili greiðir eiganda 7% af tekjum, að frádregnum virðisauka- og gistenáttaskatti, eftir því sem við á. Greiðslur skal inna af hendi samhliða uppgjöri virðisaukaskatts af rekstrinum og skulu afrit af skýrslum um aðsókn lögð fram samhliða hverri greiðslu.

8. gr.

Við upphaf og lok samningstíma skal fara fram ástandsskoðun, framkvæmd af óháðum aðila. Úttekt við upphaf leigutíma verður greidd að eiganda, úttekt í lok leigutíma verður greidd af rekstraraðila.


9. gr.

Rekstraraðila er óheimilt að framselja leigurétt sinn samkvæmt samningi þessum eða framleigja hið leigða án skriflegs samþykkist eiganda. Það telst þó ekki framsal á leigurétti eða framleiga þótt leigutaki stundi þar atvinnurekstur samkvæmt samningi þessum sem felur í sér dvöl ótengdra aðila sem borga fyrir, ef það á við.

10. gr.

Samningurinn gildir frá 01.01.2023 og telst ótímbundinn, með endurskoðunarákvæði. Endurskoðun samnings skal fara fram á þriggja ára fresti, sú fyrsta 2026. Báðir aðilar geta óskað eftir endurskoðun á samningnum innan gildistíma hans, ef rekstur eða forsendur hans breytast. Beiðni um slíka endurskoðun skal vera skrifleg.

Báðir aðilar geta sagt upp samningnum með sex mánaða fyrirvara og skal uppsögn miða við næstu mánaðarmót. Uppsögn skal vera skrifleg.



Komi til ágreinings um framkvæmd samnings þessa sem samningsaðilar geta ekki leyst sín á milli skal hann leystur fyrir Héraðsdómi Vesturlands.

Samningurinn er gerður í tvíriti og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Búndadal 14/3 '23

Dagsetning og staður

Björn Bjölli Þorláksson

F.h. Dalabyggðar



(með fyrirvara um staðfestingu sveitarstjórnar)

Björn Ólafsson

F.h. Iceland Up Close

Vottar að réttum undirskriftum og dagsetningu:

Máhenna M Þórhil 280691-2329

Nafn og kt.

Georg M. Þórmund 060169-4039

Nafn og kt.